




Mynd: Bjarki Jóhannsson

SJÁLFSMATSSKÝRSLA AKURSKÓLA

2021-2022



1	Inngangur	2
2	Innra mat í Akurskóla	3
2.1	Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?.....	3
2.2	Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?.....	3
2.3	Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?.....	4
2.4	Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?.....	4
2.5	Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?.....	4
2.6	Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?.....	4
3	Um skólann	5
3.1	Ný einkunnarorð Akurskóla	5
4	Viðfangsefni mats 2021-2022	7
5	Helstu niðurstöður sjálfsmats	9
5.1	Skólanámskrá	9
5.2	Skólapúlsinn - nemendakönnun	9
5.3	Viðhorfskönnun meðal foreldra	11
5.3.1	3. bekkur	11
5.3.2	6. bekkur.....	12
5.3.3	9. bekkur.....	13
5.4	Breyting á frímínútum - könnun meðal starfsmanna	13
5.5	Vinnustundir nemenda á unglingastigi	15
5.6	Niðurstöður eineltisteymis	16
5.7	Foreldrasamtöl	17
5.8	Starfsmannasamtöl	18
5.9	Kennslurýni og samtöl.....	19
5.10	Vinnustaðagreining Reykjanesbæjar.....	20
5.11	Lestrarskimanir	21
5.11.1	Logos-læsisskimun í 6. bekk	21
5.11.2	Logos-læsisskimun í 8. bekk	21
5.11.3	Logos-læsisskimun í 9. bekk	22
5.11.4	Orðarún.....	22
5.11.5	Lesfimi.....	23
5.12	Stærðfræðiskimanir	25
5.12.1	Talnalína í 3., 6. og 8. bekk.....	25
5.14	Framkvæmdamat	26
6	Mat á umbótaþáttum	29
6.1	Læsi og lestur.....	29
6.2	Heilsueflandi grunnskóli.....	30
6.3	Stuðningsfulltrúar og frístundaleiðbeinendur efla sig í starfi	30
6.4	Betur sjá augu en auga – Eflum nemendur	30
7	Lokaorð	31

1 INNGANGUR

Skipulag innra mats í Akurskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og að Akurskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins. Menntastefna Reykjanesbæjar er höfð að leiðarljósi þar sem stefnt er að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Stjórnendur setja upp áætlun um innra mat til þriggja ára í senn og leggja fyrir starfsmannafund og skólaráð. Áætlun fyrir 2021-2023 er sett fram haustið 2021, birt á heimasíðu skólans, kynnt skólaráði og samþykkt á starfsmannafundi. Hlutverk stjórnenda í samstarfi við starfsmenn er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, skólaráði, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

2 INNRA MAT Í AKURSKÓLA

Sjálfsmatshringurinn hér fyrir neðan lýsir vel sjálfsmatsaðferðum Akurskóla.



2.1 Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?

Með innra mati er skólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Við lok skólaárs eiga öll gögn að vera fyrirbyggjandi og ritun sjálfsmatsskýrslu getur farið fram. Hún er birt á heimasíðu skólans í júní ár hvert. Sjálfsmatsskýrslan er send fræðslustjóra sem kynnir hana fyrir Fræðsluráði og einnig er hún kynnt starfsmönnum sem lesa yfir sjálfsmatsskýrsluna í júní og koma með athugasemdir. Skólastjóri er ábyrgur í samstarfi við aðra stjórnendur skólans fyrir ritun sjálfsmatsskýrslunnar og kynningu á henni.

2.2 Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?

Fjöldi kannana, skimana og prófa eru lögð fyrir á hverju ári og greina fjölmargar hliðar skólastarfsins. Niðurstöður prófa og skimana gefa vísbendingar um námslega stöðu nemenda. Niðurstöður kannana gefa vísbendingar um viðhorf til skólans og líðan nemenda. Þessar niðurstöður eru greindar jafn óðum og þær berast og eru lykilatriði í niðurstöðum þeirra settar í sjálfsmatsskýrsluna. Á grunni þessa niðurstöðna eru ákvarðanir um umbætur teknar. Greining á niðurstöðum einstaka kannana er á ábyrgð þeirra starfsmanna sem sinna þeim þætti skólastarfsins sem könnunin tekur til. Yfirlit yfir þær kannanir sem og skimanir sem notaðar eru við innra matið má sjá í töflu í kafla 4.

2.3 Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?

Skólinn setur sér viðmið um árangur. Viðmiðin eru sett með hliðsjón af stefnu skólans, aðstæðum og almennum samanburði á námsárangri. Árangursviðmiðin eru í raun skuldbinding um þann árangur sem stefnt er að ná. Árangursviðmiðin eru birt í sjálfsmatsskýrslu skólans.

2.4 Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?

Í kjölfar útgáfu sjálfsmatsskýrslu er brugðist við niðurstöðum hennar og aðgerðir ræddar. Nauðsynlegum umbótum forgangsraðað og umbótaáætlun rituð. Umbótaáætluninni er skilað til fræðslustjóra fyrir 15. október. Skólastjóri ber ábyrgð á ritun hennar.

2.5 Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?

Næsta skref er að framkvæma umbótaáætlunina. Hver umbótaþáttur hefur ábyrgðaraðila sem fylgist með framvindu mála.

2.6 Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?

Lokaþáttur sjálfsmatshringsins er nákvæm, reglubundin eftirfylgni. Eftirfylgni er nauðsynleg til að tryggja að starfsfólk uppfylli ábyrgðaskyldu sína gagnvart þeim umbótaþáttum sem eru á þeirra könnu og geri það sem starfsfólk skólans hafði sammælt um að yrði gert. Hluti af eftirfylgninni er að leggja mat á þann árangur sem af aðgerðum hefur hlotist og gera grein fyrir því mati í sjálfsmatsskýrslu.

3 UM SKÓLANN

Akurskóli hóf starfsemi haustið 2005. Skólinn var formlega vígður 9. nóvember 2005.

Akurskóli er staðsettur í Innri-Njarðvík en nafn skólans er dregið af Akurskóla sem var byggður árið 1891, skólahald stóð þar fram til ársins 1906.

Skólastjóri skólaárið 2021-22 var Sigurbjörg Róbertsdóttir. Aðstoðarskólastjóri var Þormóður Logi Björnsson. Deildarstjóri yngra stigs var Katrín Jóna Ólafsdóttir. Deildarstjóri elda stigs var Guðrún Gunnarsdóttir. Deildarstjóri Lindar, sértæks námsúrræðis var Arnar Smáráson. Deildarstjóri stoðþjónustu og læsis var Elín Njálisdóttir. Verkefnastjóri tölvumála var Freyr Brynjarsson og verkefnastjóri íslensku sem annað mál var Anna S Guðmundsdóttir. Leiðtogi í byrjendalæsi var Fríða Hallfreðsdóttir og leiðtogi í Heilsuefandi grunnskóla var Jón Ásgeir Þorvaldsson.

3.1 Ný einkunnarorð Akurskóla

Einkunnarorð Akurskóla

„ Virðing - Gleði - Velgengni ”

Á 15 ára afmæli Akurskóla, haustið 2020, var tekin sú ákvörðun að vinna að nýjum einkunnarorðum skólans. Starfsfólk og nemendur tóku þátt í ferlinu að finna orð sem eru lýsandi fyrir skólann og stæðu fyrir okkar gildi. Þeirri vinnu lauk vorið 2021 og um haustið 2021 voru orðin Virðing - Gleði - Velgengni kynnt fyrir foreldrum, nemendum og starfsfólki sem ný einkunnarorð Akurskóla. Hildur Hlín Jónsdóttir var fengin til að hanna nýjar táknmyndir fyrir hvert gildi og vorum við dugleg að nýta þær við fréttir á heimasíðunni og í öðru útgefnu efni skólans. Heimasíðan var uppfærð með nýju einkunnarorðunum sem og hátíðarfáni skólans sem notaður er á öllum viðburðum á vegum skólans.



Í Akurskóla er leitast við að móta skólastarf, framtíðarsýn og markmið í samvinnu allra sem í skólanum starfa, foreldra og nemenda. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að gefa nemendum tækifæri til frekara náms og skapa bestu skilyrði til þess. Lögð er áhersla á að höfða til áhugasviðs nemenda, að efla gagnrýna hugsun og að byggja nám á styrkleikum hvers og eins. Virðing nemenda fyrir sjálfum sér og umhverfinu er höfð að leiðarljósi.

Skólastarf Akurskóla hvílir á Fræjunum sem unnin voru af starfsmönnum skólans í samvinnu við foreldrasamfélagið.

Fræjin



Læsi í sinni víðustu merkingu er yfir og allt um kring í skólastarfinu.

4 VIÐFANGSEFNI MATS 2021-2022

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Þátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og starfsmannastjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Skóla-námskrá	Endurskoðun á starfsáætlun og bekkjarnámskrám.	Stjórnendur og kennarar.	Haust.	Starfsmenn og skólaráð.	x	x							
Skólalámskrá	Nemendakönnun: virkni nemenda, líðan nemenda bekkjarandi.	Skólalámskrá. Deildarstjóri leggur fyrir.	4 mælingar, tvær á haustönn og tvær á vorönn.	Nemendur 6. – 10. b. - úrtak í hverri mælingu.		x		x		x			
Samtöl	Starfsmannasamtöl.	Stjórnendur.	Feb. - mars.	Allir starfsmenn.	x				x	x	x		
	Kennslurýni og samtöl í kjölfarið	Stjórnendur.	Jan. – feb.	Kennarar	x	x			x	x	x		
Lestrarskimanir	Logos lesskímun, lestrarhraði og lesskílningur	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Nóvember.	6. bekkur - nemendur sem eru undir 120 orðum á mínútu í lesfimiþrófi Lesferils við lok 5. bekkjar. Samtal tekið um þá sem eru á milli 90-120 orðum á mínútu.		x		x					
Lestrarskimanir	Logos lesskímun, lestrarhraði og lesskílningur	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Apríl	9. bekkur - nemendur sem eru undir viðmiði 1 í lesfimiþrófi Lesferils við lok 8. bekkjar. Samtal tekið um þá sem eru á milli viðmiðs 1 og 2.		x		x					
	Orðarún – lesskílningur.	Umsjónar-kennarar.	Lagt fyrir tvisvar á ári.	Nemendur 3. – 8. b.		x		x					
	Lesferill - lesskímun	Deildarstjóri stoðþjónustu og kennarar.	Október.	1. bekkur		x		x					
	Lesferill - Lesfimi og hliðarpróf eftir þörfum	Kennarar 1.-6. bekk, deildarstjóri stoðþjónustu og kennarar	Þrisvar á ári. Sept., jan og maí.	Nemendur í 1. - 10. bekk.		x		x					

Stærðfræðiskímanir	Hóppróf Talnalínu	Kennarar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Nóvember til janúar.	3. bekkur.		x		x						
	Hóppróf Talnalínu	Kennarar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Nóvember til janúar.	6. bekkur.		x		x						
	Hóppróf Talnalínu	Kennarar í samvinnu verið deildarstjóra stoðþjónustu	Janúar til mars.	8. bekkur		X		X						
Framkvæmdamat	Á skólaárinu fara fram hinir ýmsu viðburðir í skólanum. Þetta eru viðburðir eins og jólahátíð, öskudagur, árshátíð, vorhátíð, þemadagar, skólasetning, skólaslit og fleira. Framkvæmdarmat er gert eftir hvern viðburð.	Skólastjórnendur , allt skólaárið.	Allt skólaárið.	Starfsmenn skóla. Nemendur og foreldrar þegar við á.	x			x	x	x	x	x	x	x

5 HELSTU NIÐURSTÖÐUR SJÁLFSMATS

5.1 Skólanámskrá

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár sem tók gildi 2011 og í henni er gerð grein fyrir sérstöðu skólans og staðbundnum aðstæðum.

Akurskóli birtir skólanámskrá sína í tvennu lagi eins og lög gera ráð fyrir. Fyrri hlutinn er almennur hluti þar sem gerð er grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggir á.

Seinni hlutinn er starfsáætlun. Meðfylgjandi því riti eru bekkjarnámskrár allra árganga sem finna má á heimasíðu skólans. Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans, mikilvægum viðburðum í skólastarfi og kennsluáætlunum.

Skólanámskráin er birt á heimasíðu skólans www.akurskoli.is. Einnig er hægt að fá afrit af henni á skrifstofu skólans.

Allir kennarar skólans endurskoða bekkjarnámskrár að vori og aftur að hausti og eru þær birtar í október á heimasíðu skólans.

5.2 Skólapúlsinn - nemendakönnun

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu. Annað hvert ár eru allar kannanir Skólapúlsins lagðar fyrir, þ.e. nemenda-, foreldra- og starfsmannakönnun en hitt árið er það eingöngu nemendakönnunin. Í ár var eingöngu nemendakönnun lögð fyrir nemendur í 6.-10. bekk.

Þegar rýnt var í niðurstöður var athyglinni beint að þeim þáttum þar sem marktækur munur var á niðurstöðum Akurskóla miðað við landið.

Viðmið Akurskóla er að vera við landsmeðaltal í öllum þáttum í öllum þremur könnunum. Þeir þættir þar sem við erum marktækt undir eru skoðaðir sérstaklega.

Nemendur í 6. – 10. bekk slembiraðast í sex úrtök í október, nóvember, desember, febrúar, mars og apríl til að svara spurningum í Skólapúlsinum. 141 nemendur af 160 svöruðu nemendakönnuninni í ár.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólapúlsins:

Ánægja af lestri, áhugi og ánægja af stærðfræði, áhugi og ánægja af náttúrufræði, trú á eigin námsgetu, trú á eigin vinnubrögð í námi, þrautseigja í námi, sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, tíðni eineltis, tegund eineltis, staðir eineltis, hreyfing, mataræði, samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu og að lokum eru tvær opnar spurningar um hvað nemendum þyki gott við skólann og hvað slæmt.

Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

Helstu niðurstöður

Niðurstöður nemendakönnunar í ár voru ekki nógu góðar að okkar mati. Akurskóli var marktækt undir meðallagi í flestum þáttum sem spurt var um. Neikvæð breyting var á milli ára í flestum þáttum þó þær væru ekki alltaf tölfræðilega marktækar.

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,2	135	-0,1	4,8	16.405	-0,6*
3.2. Samband nemenda við kennara	5,0	134	0,1	4,8	16.613	0,2
3.3. Agi í tímum	4,7	135	-0,3	4,9	16.595	-0,2*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,0	133	0,1	4,9	16.552	0,1
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,0	133	0,1	4,9	16.550	0,1


Ánægjulegt var að sjá að jákvæð breyting hefur verið á milli ára í þáttunum Samband nemenda við kennara, Virk þátttaka nemenda í tímum og tíðni leiðsagnarmats. Akurskóli er einnig yfir landsmeðaltali í þessum þremur þáttum. Meirihluti nemenda í Akurskóla voru sammála því að kennarar skólans séu áhugasamir um að nemendum líði vel, hlusti á það sem nemendur hafa að segja, séu sanngjarnir við nemendur, semji vel við nemendur sína og séu tilbúnir til þess að veita auka aðstoð ef nemendur þurfa á því að halda.

5.3 Viðhorfskönnun meðal foreldra

Í ár var ákveðið að hefja skipulega að skoða viðhorf foreldra í ákveðnum árgöngum til skólans. Foreldrar og forráðamenn fengu sendan spurningalista í tölvupósti og óskað var eftir að þeir tækju afstöðu til ákveðinna þátta í skólastarfinu. Stefnt er að því að endurtaka þessa könnun á hverju ári í þessum þremur árgöngum þ.e. 3., 6. og 9. bekk.

5.3.1 3. bekkur


Viðhorf til skólans:



Niðurstöður voru nokkuð góðar og vorum við ánægð með þátttöku í könnuninni. Höfum við rýnt í niðurstöður og tekið til greina það sem við þurfum að bæta okkur í. Ánægjulegt er að sjá hversu mikið traust er borið til starfsfólks skólans og að foreldrar upplifi að þeir séu velkomnir í skólann. Foreldrum finnst upplýsingaflæði frá skólanum vera gott og er ánægja með stjórnun skólans.

5.3.2 6. bekkur


1. Viðhorf til skólans:



Í 6. bekk er meirihluti foreldra ánægður með upplýsingaflæði frá skólanum og fylgist vel með námi barna sinna. Ánægjulegt er að sjá hversu stór hluti foreldra telur kennara og skólastjórnendur áhugasama um að bæta skólastarfið. Einnig má lesa úr þessum niðurstöðum að rýna þurfi í samskipti milli nemenda í árganginum með tilliti til þess að auka vellíðan nemenda. Umsjónarkennarar hafa unnið mikið í þessum þáttum í vetur m.a. notað verkefni frá KVAN, fengið nemendur í 10. bekk til að ræða við árganginn um hvernig byggja megi upp góðan bekkjaranda og fræðst um fordóma og þröngsýni og gert verkefni tengt því. Haldið verður áfram á næsta skólaári að huga að þessum þáttum.

5.3.3 9. bekkur

Viðhorf til skólans:




Foreldrar nemenda í 9.bekk bera traust til starfsmanna skólans og finna að þeir eru velkomnir í skólann. Ánægja er með kennslu nemenda þó finnst foreldum að nota megi fjölbreyttari kennsluhætti og fjölbreyttari aðferðir við námsmat. Upplýsingaflæði er gott að þeirra mati og starfsfólk áhugasamt um að bæta skólastarfið. Þátttaka hefði mátt vera betri en einungis svöruðu foreldrar 13 nemenda af 27.

5.4 Breyting á frímínútum - könnun meðal starfsmanna


Haustið 2021 heyrðum við af nýju fyrirkomulagi á frímínútum í öðrum skóla á Suðurnesjum sem gefist hafði vel. Stjórnendur lögðu nýjar tillögur fyrir starfsmannahópinn í desember og var ákveðið að fara í tilraunarverkefni með breytt fyrirkomulag í 6 vikur til að byrja með. Akurskóli er með hefð fyrir mikilli útiveru og útikennslu og því þótti upplagt að reyna svipað fyrirkomulag og við höfðum reynt í Covid þar sem hver og einn árgangur fékk að njóta sín í frímínútum. Lagt var til að kennarar sæju um útiveru/frímínútur að morgni í stað stuðningsfulltrúa og stuðningsfulltrúar sæju á móti um nestistímamann. Með því að kennarar sæju um frímínúturnar í

stað stuðningsfulltrúa og réðu hvenær þeir færu út með hópinn að morgni minnkum við þann fjölda sem er úti á sama tíma, nýtum útsvæði betur og drögum vonandi úr einelti og árekstrum á útsvæðinu. Kennarar fá þá líka tækifæri til að kenna félagsleg samskipti.

Í febrúar var svo gerð könnun meðal kennara annars vegar og stuðningsfulltrúa hvernig til hafði tekist. Þrátt fyrir að vera í svartasta skammdeginu með þessa tilraun voru allflestir mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag og var ákveðið að halda áfram með nýtt skipulag.



Svör kennara um ánægju með nýtt skipulag á frímínútum.



Svör stuðningsfulltrúa um ánægju með nýtt skipulag á frímínútum.

Það sem kennarar nefndu að væri gott við fyrirkomulagið var m.a.:

- Frjálsari tímar.
- Þarf ekki að taka af kaffitímanum mínum til að koma nemendum út..og þau hafa nægan tíma í nestið sitt.
- Fyrir mig persónulega að komast út oftar á vinnutíma. Hef betri yfirsýn hvað nemendur eru að gera í "frímínútum" minnkar vonandi inniveru vegna veðurs. Hægt að fara stutt út ef það kemur veðurgluggi yfir daginn ekki bara að treysta á að komast út kl 9:40

- Við erum inni í því sem er í gangi í frímínútum og getum tekið á málunum strax. Það hefur verið mjög gott.
- Að við getum stigið inn í ef einhver leiðindi virðast í uppsiglingu.
- Hægt að fylgja erfiðum einstaklingum betur eftir og líka að færa kennsluna meira út
- Minna um árekstra meðal nemenda, betra að geta stjórnað því hvenær farið er út og bara geggjað að komast aðeins út. Hlakka til að geta gert meira úr útiverunni þegar fer að vora.
- Kennarar geta fylgst með nemendum sem eiga erfitt í frímínútum og beitt snemmtæka íhlutun.
- Kennarar geta fylgst með nemendum í frímínútum og hægt er að fylgjast með þessum sem eiga erfitt félagslega og lenda ítrekað í vandræðum.
- Mun minna um árekstra milli nemenda og gott að geta farið út þegar okkur hentar
- Gott að ráða tímanum, fara út þegar hentar okkur.
- Finnst æðislega hressandi að fara út.
- Gott að geta farið með börnin út hvenær sem er um morguninn og einnig að geta skipt hópnun eins og maður vill með útiveru.

Það sem stuðningsfulltrúar nefndu gott við fyrirkomulagið:

- Hver bekkur úti að leika , minni árekstrar og finnst ekki koma upp vandamál
- Bara allt gott
- Börnin njóta meira að vera saman.
- Betri gæsla úti
- Það er mun minna um ágreining milli nemenda og ef það kemur upp er maður mun fljótari að grípa inn í
- Sveigjanleiki - kennarar geta ákveðið hvenær bekkurinn fer út eftir þörfum, eins og þegar börnin eru með mikla orku þá er hægt að fara aðeins út.
- Tímastjórnun/frelsi hvers árgangs.
- Betri yfirsýn
- Lítið um árekstra úti, 1. bekkur fær að njóta sín meira.

5.5 Vinnustundir nemenda á unglíngastigi

Síðastliðin ár hafa Vinnustundir á unglíngastigi verið með þeim hætti að ein kennslustund á viku fer í að nemendur hafa aðgang að flestum kennurum á unglíngastigi og geta leitað til þeirra eftir aðstoð. Kennarar eru þá í sínum stofum og nemendur fara til þeirra sem þeir þurfa á aðstoð að halda frá. Kennarar nýta Vinnustund einnig til þess að leggja fyrir nemendur verkefni og próf sem þeir hafa misst af. Misjafnt er hversu vel nemendur nýta sér Vinnustund til þess að læra og því ákváðu stjórnendur að leggja könnun fyrir alla nemendur á unglíngastigi til þess að athuga hversu stór hluti þeirra nýta sér Vinnustund.

2. Hve vel nýtast tímarnir í Vinnustund þér? (0 point)

[More Details](#)

● Mjög vel	10
● Frekar vel	40
● Hvorki vel né illa	33
● Frekar illa	1
● Mjög illa eða ekkert	3



Í ljós kom að 11% nemenda á unglíngastigi segja að Vinnustund nýtist sér mjög vel. 46% sögðu að Vinnustund nýtist sér frekar vel og 38% nemenda sögðu Vinnustund hvorki nýtast sér vel né illa.

Þegar nemendur voru spurðir hvernig þeir nýttu Vinnustund helst röðuðu þeir valkostunum svona upp:

Taka próf	26.4%
Vinna verkefni	27.6%
Fá aðstoð frá kennara	23%
Sinna heimanámi	18.4%
Vinna upp hæfniviðmið	11.5%
Fara í tölvuverið	13.8%
Vera á ganginum með vinum mí...	16.1%
Annað	1.1%

Aðspurðir hvernig Vinnustund nýtist þeim helst svöruðu 16% nemenda nota vinnustund einna helst til þess að vera á ganginum með vinum sínum. Í opnum svörum tóku nemendur fram að þeir leitist eftir því að vera í símanum og spjalla við vini sína þegar þeir hafa lokið verkefnum og kennarar séu ekki með neitt aukalega fyrir þá að vinna í.

Við áætlum að bregðast við þessu með því að gera þá kennara sem eru í Vinnustund ábyrga fyrir einstaka nemendum. Þannig hefði hver nemandi sinn „umsjónarkennara“ í Vinnustund sem er ábyrgur fyrir því að aðstoða nemandann við að skipuleggja námið og finna verkefni sem hann á eftir að vinna, einnig að útvega nemandanum aukaverkefni sé þess þörf. Auk þess stendur til að stytta Vinnustund úr 60 mínútum niður í 40 mínútur.

5.6 Niðurstöður eineltisteymis

Eineltisteymi er starfrækt við Akurskóla. Í því sitja Sigrún Helga náms- og starfsráðgjafi, Arna Arnarsdóttir þroskaþjálfari, Ester Inga Alfreðsdóttir kennari, Birna Ósk Óskarsdóttir og Kristín Þóra Möller. Birna Ósk og Kristín Þóra fara úr teyminu þar sem þær eru að hætta störfum við

Akurskóla. Í haust verður breyting á teyminu en verða þá námsráðgjafi, deildarstjórar stiga og þroskaþjálfari í teyminu ásamt umsjónarkennurum nemanda sem tengjast tilkynningunni.

Á þessu skólaári bárust fimm tilkynningar vegna gruns um einelti. Þremur málum er lokið og gekk vinnsla þeirra vel. Tvö mál verða opin fram á næsta skólaár þar sem tilkynningar bárust rétt fyrir skólalok og verður haldið áfram að vinna í þeim málum næsta haust.

5.7 Foreldrasamtöl

Í ár var ákveðið að hafa einn samtalsdag á skólalokadagatali og umsjónarkennarar hringja í foreldra þrisvar sinnum yfir skólaárið, dagana 25.-27. september, 17.-19. janúar og 23.-27. maí. Kennarar sendu út tölvupóst vikuna áður og minntu á símtölin ef foreldrar vildu óska eftir ákveðnum tíma. Hefðbundinn samtalsdagur var síðan 5. apríl og fóru tímamantanir fram í gegn um Mentor.


Hefðbundinn samtalsdagur samkvæmt skólalokadagatali var 5. apríl og ákveðið var að prófa að setja stjórn samtalsins í hendur nemandans. Hugmyndin kviknaði hjá kennara á unglingastigi, Kristínu Þóru Möller, sem útbjó undirbúningsblað fyrir sína nemendur og sendi á alla kennara skólans til þess að nýta sér. Undirbúningsblaðið var unnið með nemendur í 10. bekk í huga og því þurftu aðrir kennarar að aðlaga blaðið að sínum árgangi. Fyrirvarinn var ekki langur og því misjafnt að hve miklu leyti árgangar nýttu blaðið en flestir nýttu sér það að einhverju leyti og því var áherslan í foreldrasamtölunum önnur en áður hefur verið.

Undirbúningsblað nemanda

Nafn: _____

Námsgrein:	Bókstafur miðað við hæfni-kort:	Bókstafur miðað við vinnu-framlag:	Áhugi á námsgrein:	Athugasemd (ef einhver):
Kvarði:	A, B+, B, C+, C, D	A, B+, B, C+, C, D	Mikill, meðal, lítill eða enginn	t.d. hápunktur í vetur, skemmtilegt verkefni, áskoranir o.s.frv.
Stærðfræði				
Íslenska				
Enska				
Danska				
Náttúrufræði				
Samfélagsgreinar				
Skólaípróttir				
Upplýsinga-tæknimennt				

Verkefni sem stendur upp úr í vetur þar sem hæfileikar mínir fengu að njóta sín -Stutt verkefnalýsing:	
Hæfniviðmið sem unnið var að:	
Hvernig gekk að ná hæfniviðmiðunum:	
Styrkleiki/ar sem nutu sín:	
Hvað lærði ég:	


Heimalestur og yndislestur - Áskoranir og tækifæri: 	
Lesskilningur í lestri til gagns og gamans:	

Samskipti mín við aðra:		
Samskipti	Einkunn 1-10:	1 = samskiptin ganga mjög illa, 5=Samskiptin ganga hvorki vel né illa/engin samskipti, 10= Samskiptin ganga alltaf mjög vel Athugasemd ef einhver er:
Stjórnendur:		
Kennarar:		
Starfsfólk skóla:		
Samnemendur:		
Foreldra/ Forráðamenn:		
Tækifæri til vaxtar		
Styrkleikar		
Vaxtarsvæði – (það sem ég þarf að æfa)		

Þegar kennarar voru spurðir út í viðhorf og að hve miklu leyti samtöl dagsins voru nemendastýrð kom margt áhugavert í ljós.

Kennarar í níu árgöngum af tíu voru frekar eða mjög ánægðir með fyrirkomulag nemendastýrðra viðtala.

Tveir árgangar voru með viðtölin að nokkru leyti nemendastýrð meðan flestir voru með frá 40%-80% af viðtalinu í höndum nemenda.



Kennarar höfðu svo þetta að segja um fyrirkomulagið:

„Frábært að hafa svona viðtöl.“

„Þetta var frábær leið fyrir viðtölin og hjálpaði okkur að sjá til dæmis hvaða styrkleika og veikleika nemendur telja sig hafa og þar af leiðandi hjálpar okkur að hjálpa þeim.“

„Þetta fyrirkomulag gerði nemendur að mun virkari þátttakendum í samtölunum en áður og almenn ánægja hjá foreldrum með þetta framtak.“

„Ég hef sjaldan verið sáttari við samtalsdag.“

5.8 Starfsmannasamtöl

Allir starfsmenn skólans fóru í starfsmannasamtöl til skólastjóra, aðstoðarskólastjóra eða deildarstjóra. Skólastjóri tók alla millistjórnendur, verkefnastjóra og kennara í viðtal en öðrum var skipt á aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra. Starfsmenn gátu beðið um að skipta um stjórnanda ef þeir höfðu áhuga á að ræða við einhvern annan. Starfsmenn fylltu út rafrænt eyðublað með ákveðnum spurningum áður en þeir mættu til viðtals. Svör starfsmanna voru notuð sem grunnur í viðtölunum ásamt því að starfsmenn völdu 1-3 styrkleikaspjöld fyrir sig og sama gerði stjórnandi. Með því að velja styrkleika fengu samtölin meiri dýpt og rætt var um styrkleika viðkomandi og hvernig þeir nýttust í starfi. Viðtölin gengu vel og af 58 sem svöruðu mættu 50 til viðtals.

Almenn líðan var yfirleitt góð hjá starfsmönnum en nokkrir töluðu um álag aðallega vegna óvæntra atvika og mikið og langvarandi álag vegna Covid. Aðbúnaður var góður og komu góðir punktar um það sem betur mætti fara.

Starfsmenn sáu mörg tækifæri hjá sjálfum sér að bæta sig en sáu líka margt í skólastarfinu sem hægt var að hrósa. Hrósi starfsmanna var safnað saman á Padlet vegg og birt öllum og var almenn ánægja með það.

5.9 Kennslurýni og samtöl

Að venju fóru skólastjórnendur inn til allra kennara og sátu a.m.k. eina kennslustund hjá hverjum. Stjórnendur voru með punkta á blaði sem kennarar höfðu fengið að sjá áður og mátu þessa þætti hjá kennaranum. Hver kennari fékk svo samtalið við stjórnanda um hvað var vel gert og hvað mætti betur fara. Mikil ánægja var meðal kennara með matið og sögðust allir hafa haft ánægju af því að fá skólastjórnendur inn og fá samtalið.

Þau viðmið sem voru skoðuð núna sjást hér á myndinni.

2. Námsvenjur

Viðmið	Óviðunandi	Viðunandi	Gott	Frábært
Námsmarkmið	Námsmarkmiðum er ekki miðlað til nemenda eða endurspeglar ekki ætlun kennarans	Námsmarkmiðum er komið á framfæri í upphafi kennslustundar og rífuð upp í lok hennar	Augljós hefur er fyrir að vinna eftir námsmarkmiðum. Vitnað er í þau í kennslustundum og þau vísa veginn að lokamarkmiðunum	Námsmarkmið eru samofin öllum viðfangsefnum og stöðugt kynnt og ígrunduð og metið hvort þeim hafi verið náð..
Dæmi um góðar úrlausnir	Engin sýnileg dæmi um góðar úrlausnir	Í innlögnum er að minnsta kosti vitnað í eina fullunna úrlausn.	Tvær úrlausnir eru bornar saman í því skyni að hjálpa nemendum að átta sig ólíkum gæðum þeirra	Vandlega valdar úrlausnir, þar á meðal ein sem er afar vel unnin, eru notaðar til að örva og gefa dæmi um hvernig hægt er að ná frábærum árangri
Viðmið um árangur	Viðmið um árangur eru ekki til staðar og nemendur vita ekki hver þau eru	Viðmið um árangur eru öllum ljós og vitnað í þau í kennslustundum	Viðmið um árangur eru skipulögð og þróuð áður en verkefnið hefst. Dæmi um gæði eru kynnt og vísað til þeirra í samantektinni	Nemendur eru hafðir með í ráðum þegar árangursviðmið eru sett. Vitnað er í þau þegar verkefnið er unnin. Viðmiðin eru grundvöllur sjálfsmats
Tenging við fyrra nám	Engin tenging við fyrra nám	Í innlögnum er vitnað í fyrra nám en aðeins með tilviljunarkenndum hætti	Skýr tenging er við fyrra nám. Kennslan er framhald af því sem á undan hefur farið	Sameiginlegur skilningur allra er á tengingu viðfangsefnis/verkefnis við fyrra nám og þess sem framundan er
Námsaðlögun	Verkefni eru ekki aðlöguð að ólíkum þörfum nemenda	Verkefni eru einkum aðlöguð þörfum nemenda út frá ólíkum kröfum um afköst	Verkefni eru vandlega undirbúin með það í huga að mæta þörfum ólíkra námshópa	Verkefni eru vandlega undirbúin og valin til að mæta þörfum allra nemenda, stuðst er við fjölbreyttar námsaðferðir
Árangursrík samantekt	Ef samantekt er fyrir hendi er hún stutt og án tilvísunar í fyrra nám	Kennslustundinni lýkur með samantekt, samanburður er gerður við náms- og árangursmarkmið	Í lok kennslustundarinnar eru viðfangsefni hennar dregin saman, dæmi um vinnu sem lýsa náms- og árangursmarkmiðum eru rædd. Nemendur taka virkan	Uppgjör námsins fer fram með jöfnu millibili og markmiðin eru aðlöguð með tilliti til framgangs verkefnisins; nemendur gera grein fyrir
			þátt meðal annars með því að meta hópa- og jafningjastarf og einstaklingsvinnu	viðfangsefnum sínum og miðla hver til annars.
Árangri er fagnað	Velgengi er fagnað án tilvísunar í námið	Árangur er viðurkenndur og metinn; tengsl eru við náms- og árangursmarkmið	Náms- og árangursmarkmið eru lögð til grundvallar allri viðurkenningu. Öllum er ljóst hvað liggur að baki góðum árangri	Skólamenningin einkennist af því að árangri er fagnað. Hann byggir á náms- og árangursmarkmiðum, sem nemendur eru meðvitaðir um
Tengsl milli námsgreina	Engin sýnileg tengsl eru milli námsgreina	Sýnd eru dæmi um tengsl milli námsgreina	Vitnað er í hvernig námsgreinin tengist öðrum greinum og viðfangsefnum	Sérstök áhersla er lögð á hvernig hægt er að yfirfæra færni, þekkingu og skilning frá einni námsgrein yfir á aðra
Framfarir nemenda	Sumir nemendur taka ekki framförum	Allir nemendur sýna einhverjar framfarir í náminu en ná ekki allir þeim árangri sem gert var ráð fyrir	Allir nemendur ná árangri í samræmi við eigin stöðu og standast að mestu þær kröfur sem gerðar hafa verið til þeirra eða fara jafnvel fram úr þeim	Allir nemendur taka fullan þátt í náminu og sýna miklar framfarir með afgerandi hætti

Lykilhugtök fyrir kennara:




Hafið lykilhugtök á áberandi stöðum	Látið nemendur hafa gátlista yfir það sem þarf að vera til staðar í verkefnum þeirra svo þeim sé ljóst hvað felst í góðu verkefni
Sýnið dæmi um góða vinnu og vísið til hennar í kennslunni svo nemendum sé ljóst hvers vænst er af þeim	Setjið nemendum markmið svo þeir hafi að einhverju að stefna fyrir næstu kennslustund
Tryggið að nemendur viti hvers vænst er af þeim annaðhvort með sýnikennslu eða með því að kynna þeim verk annarra nemenda t.d frá síðasta ári	Gangið úr skugga um að nemendur viti hvernig þeir geta bætt vinnu sína
Hefjið kennslustund á því að kanna hvað nemendur muna frá fyrra námi	Fagnið góðum árangri með því að vekja athygli á verkefni sem er vel unnið í kennslustundinni
Í samantektinni (í lok kennslustundar) ættu nemendur að taka þátt í jafningjamati og benda á atriði sem þeir voru ánægðir með og hvernig mætti gera enn betur	Verið vakandi fyrir því hvernig hægt er að aðlaga verkefni að ólíkum þörfum nemenda, þeirra sem eru á eftir í námi og hinna sem eru á undan


5.10 Vinnustaðagreining Reykjanesbæjar

Eins og undanfarin ár lagði Reykjanesbær fyrir könnun sem beindist að því að greina vinnustaði bæjarins. Allir starfsmenn skólans tóku þátt í könnuninni og voru niðurstöður kynntar á starfsmannafundi ásamt því að vera settar á Workplace. Helstu niðurstöður má sjá á meðfylgjandi myndum sem er birt sem meðaltal allra spurninga á 5 punkta kvarða.

Það sem vel er gert:



Tækifæri úrbóta:



Gerum betur:

14. Finnst þér þú vera vel eða illa upplýst(ur) um atburði og breytingar innan Reykjanesbæjar?	3,58
15. Hversu vel eða illa þekkir þú gildi Reykjanesbæjar og lætur þau endurspeglast í sta..	3,43
20. Finnur þú fyrir miklum, litlum eða engum kviða vegna COVID -19?	3,32
13. Finnst þér þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei vera andlega örmagna í vinnunni?	2,92

Niðurstöður Vinnustaðagreiningarinnar kom mjög vel út í ár og mun fleiri þættir fengu grænan lit en í fyrra. Starfsmenn telja sig almennt vera að veita góða þjónustu í starfi sínu, eru ánægðir með starfsandann, ánægðir í starfi og ánægðir með stjórnun skólans.

Í ár mældist ekki einelti meðal starfsmanna sem var einkar ánægjulegt eftir talsverða fræðslu og vinnu í þeim málum s. l. skólaár.

Áhyggjuefni er að starfsmenn upplifa sem öft örmagna í vinnunni og álag vegna Covid mikið. Þessi niðurstaða var gegnumgangandi hjá öllum skólum í Reykjanesbæ. Stjórnendur í Akurskóla tóku strax við að kynna starfsmönnum helstu einkenni og hvað væri í boði fyrir þá sem finna fyrir miklum einkennum örmögnunnar. Nokkrir nýttu sér strax ákveðin úrræði en þessari vinnu verður framhaldið á næsta skólaári.

5.11 Lestrarskimanir

5.11.1 Logos-læsisskimun í 6. bekk

Í Logos í 6. bekk eru einungis þeir nemendur skimaðir sem eru undir 120 orðum á mínútu í lesfimiþrófi Lesferils við lok 5. bekkjar. Þetta er breyting frá fyrri árum og því er ekki birt súlurit lengur yfir árangur nemenda í árganginum.

Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, deildarstjóra stoðþjónustu og skólastjórnendum á fundi.

Út frá niðurstöðum lesferils sem lagður var fyrir í september og janúar voru 12 nemendur af 23 undir viðmiðum og ekki með neina lestrarörðuleika sem vitað var um. Þessir nemendur voru skimaðir í Logos í nóvember 2021. Niðurstöður Logos sýndu fram á að kanna þurfti frekar fjóra nemendur sem sýndi fram á að allir fjórir greindust með dyslexíu. Þeir nemendur sem þurftu ekki frekara mat fóru í sérkennslu þrisvar í viku ásamt því að fá með sér heimfimmuna. Í lesfimiþrófi Lesferils í vor sáust framfarir hjá flestum nemendum.

5.11.2 Logos-læsisskimun í 8. bekk

Í Logos í 8. bekk eru einungis þeir nemendur skimaðir sem eru undir viðmiðum 2 í lesfimiþrófi Lesferils við lok 7. bekkjar. Þetta er breyting frá fyrri árum og því er ekki birt súlurit lengur yfir árangur nemenda í árganginum. Í ár voru það 16 nemendur af 37 í árganginum skimaðir. Þessi skimun fór fram í lok apríl og munu kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynna niðurstöður fyrir kennurum, deildarstjóra stoðþjónustu og skólastjórnendum á fundi í upphafi næsta skólaárs.

5.11.3 Logos-læsissskimun í 9.bekk

Þetta skólaárið var einnig Logos-skimun í 9.bekk vegna þess að ekki tókst að skima nemendurna skólaárið á undan vegna covid takmarkana. Í Logos í 9. bekk eru einungis þeir nemendur skimaðir sem eru undir viðmiðum 2 í lesfimiþrófi Lesferils við lok 8. bekkjar. Þetta er breyting frá fyrri árum og því er ekki birt súlurit lengur yfir árangur nemenda í árganginum. Þessi skimun fór fram í lok september og kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, deildarstjóra stoðþjónustu og skólastjórnendum á fundi. Fimm nemendur úr 9.bekk fóru í Logos greiningarprófið og greindust þeir allir með dyslexíu. Allir nemendur í 9.bekk fóru í markvissa þjálfun í lesfimi í skólanum. Nemendur unnu ýmist Fimmuna eða Æfingin skapar meistarann, allt eftir því hvað hentaði hverjum og einum. Til að æfa lesskilning svöruðu nemendur spurningum í lok hvers texta. Boðið var upp á vikulega lestrarþjálfun þar sem unnið var bæði að bættri lesfimi og lesskilningi.

5.11.4 Orðarún

Orðarún er staðlað lesskilningspróf ætlað nemendum í 3. - 8. bekk grunnskólans. Tvö próf eru fyrir hvern árgang. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Prófspurningar reyna í stórum dráttum á ferns konar færni:


- að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar
- að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta
- að átta sig á meginefni texta
- að útskýra orð og orðasambönd

Prófin eru lögð fyrir í að hausti í október eða nóvember og svo að vori í febrúar eða mars.

Umsjónarkennarar lögðu prófin fyrir og fóru yfir þau. Deildarstjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.



Hér má sjá meðaltal hvers árgangs í hvoru prófi fyrir sig. Akurskóli miðar við að meðaltal árgangs sé 65% og nær einn árgangur því að vori. Þá eru talsverðar framfarir í öllum bekkjum nema 3. bekk og 8. bekk.



Hér má sjá að hlutfall þeirra nemenda sem svöruðu 11-20 atriðum af 20 rétt fjölgar á milli prófa í öllum árgöngum nema 8. bekk. Sérstaklega eru framfarir góðar í 4., 6. og 7. bekk.

Í kjölfarið á fyrirlögn prófanna mátu kennarar niðurstöður og fylgdu þeim eftir með þjálfun í bekk og endurmati. Þjálfunin fól í sér markvissa orðaforðakennslu og einnig þjálfun í lesskilningi í víðu samhengi.

5.11.5 Lesfimi

Lesferill - lesfimi var lagt fyrir í 1.-10. bekk.

- 1. bekkur: Lesskimunarpróf í september
- 1.-10. bekkur: lesfimi í september, janúar og maí.
- 1.-10. bekkur: Sjónrænn orðaforði, orðleysur og nefnuhraði í september, janúar og maí eftir þörfum.

Lesviðmiðin samanstanda af þremur flokkum:


- Viðmið 1 sem 90% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 2 sem 50% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 3 sem 25% nemenda eiga að uppfylla

Umsjónarkennarar í 1. - 6. bekk lögðu prófin fyrir hjá sínum nemendum en í 7. - 10. bekk lögðu íslenskukennarar lesfimiþrófin fyrir alla nemendur í september, janúar og maí. Eftir fyrirlögn voru niðurstöður skráðar inn í Skólagátt og kennarar fengu stöðuna á hverjum nemenda miðað við stöðu jafnaldra á landsvísu og unnu út frá henni. Deildarstjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.


Niðurstöður lesskimunarprófs í 1. bekk og lesfimiþrófa í öllum árgöngum voru færðar í Mentor og einnig kynntar á samtalsdegi í janúar og í námsmati að vori. Niðurstöðum lesskimunarprófs var einnig skilað inn til Fræðsluskrifstofu til úrvinnslu.

Í kjölfarið af skimun í 1. bekk var brugðist við námsþörfum nemenda. Nemendur með slaka stafa- og hljóðabekkingu fengu sérkennslu í lestri strax um haustið fram á vor ásamt endurinnlögnum á stöfum. Þá voru sérstakar stafakannanir lagðar fyrir og hljóðkerfisþjálfun aukin. Nemendur með erfiðleika í öðrum bekkjum fengu þjálfun hjá sérkennara eða öðrum kennara. Nemendur lásu fyrir kennara og/eða stuðningsfulltrúa daglega. Þeir nemendur í 2. til 7. bekk sem voru nálægt 1. þrepi fengu þjálfunarefnið Eitt skref í einu – Lesfimiþjálfun eða Fimmuna allt eftir því hvað hentaði hverjum og einum.

Eins og sjá má á þessum tveimur myndum frá fyrirlögnum í september og maí sýna nemendur í Akurskóla miklar framfarir og sérstaklega á yngsta stigi.



Fyrsta súlan sýnir viðmið MMS fyrir alla árganga. Í september eru nemendur Akurskóla nokkuð frá þessu viðmiði.



Í maí má sjá að allir árgangar ná góðum framförum í lesfimi. Nemendum undir viðmiði 1 hefur fækkað verulega og hlutfall nemenda milli viðmiðs 2 og 3 og yfir viðmiði 3 hefur hækkað.

5.12 Stærðfræðiskimanir

Það urðu breytingar á stærðfræðiskimunum þetta skólaárið. Það var tekið inn nýtt skimunarpróf sem heitir Talnalína og kemur það í staðin fyrir Talnalykilinn sem lagður hefur verið fyrir undanfarin ár. Talnalína er próf sem metur grunnþætti stærðfræðinnar í 3., 6. og 8.bekk. Stærðfræðikennarar bekkjanna leggja prófin fyrir en deildarstjóri stoðþjónustu er þeim innan handar.

5.12.1 Talnalína í 3., 6. og 8.bekk

Talnalína er nýtt stöðupróf í stærðfræði sem lagt er fyrir nemendur í 3. og 6.bekk fyrir lok janúar og lagt fyrir nemendur í 8.bekk fyrir lok mars. Kennarar leggja þessi próf fyrir og kynna svo sjálfir niðurstöðurnar fyrir deildarstjóra stoðþjónustu og Fræðsluskrifstofunni.

Prófið metur hvar nemandinn stendur í því efni sem kennt hefur verið. Dæmin í prófinu eru metin sem A, B eða C hæfni, og er það stefna skólans að sem flestir nái B hæfni í öllum efnispáttum í lok skólaársins. Niðurstöður Talnalínu eru ekki reiknaðar í prósentum eða raðeinkunn. Niðurstöðurnar sýna einungis hvar einstaka nemandi stendur og hvað hann þarf aðstoð með til að efla enn frekar færni sína.

Prófinu fylgir ítarefni sem kennarar nýta sér ef nemandi hefur ekki náð B hæfni í ákveðnum efnispáttum. Ef vinnan með ítarefni skilar ekki tilætluðum árangri koma kennsluráðgjafar með tillögur að næstu skrefum. Fyrirlögn prófsins gekk vel í öllum bekkjum, ítarefni var nýtt en ekki kom til þess að kalla þyrfti til kennsluráðgjafa vegna þessa þetta skólaárið.

5.14 Framkvæmdamat

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel.

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Skólasetning	Stjórnendur og starfsmenn	Hefðbundin skólasetning sem gekk mjög vel. 2. – 10. bekkur mættu inn í stofur og fengu afhentar stundatöflur. Skólasetning 1.bekkar seinkaði vegna covid 19 en helmingur árgangsins smitaðist í sumarfrístund. Þeir nemendur sem voru ekki í einangrun eða sóttkví mættu í skólann á réttum degi en hefðbundin skólasetning var tveimur vikum seinna og mættu nemendur með foreldrum kl. 8.10 og fengu rós. Skóli hófst síðan samdægurs að skólasetningu lokinni.
Ólympíu-hlaup ÍSÍ	Allir starfsmenn og viðburðateymi	Hlaupið gekk mjög vel og nemendur voru jákvæðir og virkir. Við reynum alltaf að fylgja veðurspánni og taka hlaupið í góðu veðri. Gaman væri að hafa tónlist við vatnsstöðina til að auka stemninguna.
Göngum í skólann	Allir starfsmenn og íþróttakennarar	Heilsuátakið Göngum í skólann fór fram í Akurskóla tímabilið 8. september til 6. október og voru nemendur hvattir til að ganga eða hjóla í skólann. Að tímabilinu loknu var svo haldin verðlaunaafhending fyrir hvert stig í íþróttasalnum. Kennarar keppa í þrautabraut sem vekur mikla kátínu. Þeir bekkir sem stóðu uppi sem sigurvegarar á hverju stigi fengu faraldsbikar (Gullskór) í verðlaun. Verkefnið tókst mjög vel og voru allir bekkir mjög virkir.
Skólaslit – Hrollvekjuþema	Allir starfsmenn	Starfsmönnum skólans var skipt þvert á greinar í 11 hópa og öllum nemendum 1.-10.bekkar skipt á þessa hópa. Hver hópur valdi sér verkefni tengt þemanu sem var hrollvekja. Hóparnir voru draugahús, leðurblökur, vampírur, uppvakningar, Djákninn á Myrká, Þjóðsögur, beinagrindur, draugar, köngulær og skrímsli. Unnið var í hópum í tvo daga og síðan sett upp sýning á þriðja degi og foreldrum boðið að koma og skoða afraksturinn. Mikil ánægja með þemað og gekk það mjög vel. Almenn ánægja með að blanda árgöngum og gátu eldri nemendur aðstoðað yngri nemendum.
Upplestrarkeppnin hjá 7.bekk	Stjórnendur	Í kjölfarið á keppninni í fyrra var ákveðið að útbúa handbók fyrir kennara með leiðbeiningum til hvers er ætlast af nemendum í keppninni og hvernig best er að haga undirbúningi. Kennarar nýttu sér upplýsingar úr handbókinni og var mjög vel staðið að þjálfun nemenda fyrir bekkjarkeppnina. Átta nemendur komust áfram úr bekkjarkeppni og þrír fóru fyrir hönd Akurskóla í lokakeppnina sem fór fram í Hljómahöll, tveir keppendur og einn varamaður. Nemendum í 6. bekk var boðið að koma og horfa á keppnina á sal, ásamt nemendum í 7. bekk og foreldrum keppenda. Dómarar skólaárið 2020-2021 voru Lára Guðmundsdóttir fyrrverandi skólastjóri, Hrafnhildur Hilmarsdóttir fyrrverandi kennari og Gunnar Þór Jónsson fyrrverandi skólastjóri.
Jólahátíð	Allir starfsmenn skólans	Jólahátíðin var með nokkuð hefðbundnu sniði í ár. Þó var ekki farið á sal og dansað í kringum jólatréð. Nemendur mættu kl. 10.00 í heimastofu og áttu notalega stund saman. Viðurkenningar fyrir ljóðasamkeppni, Akurpennann afhent. 5. bekkur fékk Magneuskjöldinn í ár fyrir bestu þátttöku í ljóðasamkeppninni. Einnig var verðlaunað fyrir jólahurðina á hverju stigi. Tilkynnt var um verðlaunin í gegnum teams og var þá fulltrúi stjórnenda mættur fyrir utan kennslustofu sigurvegara þegar hann var tilkynntur. Í lok hátíðar komu jólasveinar sem gáfu nemendum sleikjó. Mikil gleði var hjá nemendum að fá þá í heimsókn.

Öskudagur	Allir starfsmenn	<p>Dagurinn var tvískiptur. 1.-5. bekkur fór á milli í stöðvum sem voru skipulagðar af kennurum. Það sem var í boði var leikir í íþróttahúsi, kubbar, Just dance, snakk og bíó og kahoot spurningakeppni. Skóli var frá 8.10-10.40 og var hver árgangur í 20-25 mínútur á stöð. Nesti og frímínútur voru ekki þennan dag. Starfsfólk fór í kaffi kl. 10.40 nema þeir sem starfa í frístund sem fóru kl. 9.10-9.30. Gekk vel og voru nemendur ánægðir. Betra væri að nemendur mættu í heimastofu í upphafi og enduðu einnig daginn þar. Endurskoða hvernig fyrirkomulagið verður á næsta ári með það í huga að ná til allra nemandahópa.</p> <p>6. - 10. bekkur fór í menntastríð. Nemendum var skipt í 16 hópa þvert á árganga og gengu á milli stofa og kepptu í hinum ýmsu þrautum sem kennarar voru búnir að setja upp. Liðin gátu fengið allt að 16 stig fyrir hverja þraut. Kennarar voru með lifandi excelskjál þar sem stigin voru færð inn um leið og sigurvegarar tilkynntir á sal samdægurs. Sigurliðið fékk pizzaveislu í verðlaun.</p> <p>Endurskoða þarf stærð og fjölda hópa þar sem nemendum hefur fækkað talsvert síðan þetta fyrirkomulag var tekið upp. Einnig þarf að huga að því að einhver einn haldi utan um skipulagið og lið endi í salnum.</p>
Árshátíð skólans	Allir starfsmenn skólans	<p>Árshátíð Akurskóla fór fram 31. mars og 1.apríl.</p> <p>Árshátíð 7.-10. bekkjar var haldin að kvöldi 31. mars. Árshátíðin hófst kl. 19 með atriðum frá nemendum. Nemendur í 7. og 9. bekk fluttu leikrit þar sem þeir gerðu góðlátlegt grín að kennurunum sínum og 8. bekkur var með Eurovision atriði. 10. bekkur var svo með hið árlega árshátíðarmyndband sem vakti mikla lukku. DJ Rikki G tók svo við og spilaði fyrir nemendur til kl. 23. Nemendaráð bauð upp á leynigest sem var rapparinn Daniil. Umsjónarkennarar í 7.-10. bekk sáu um að vinna á ballinu. Nemendur og umsjónarkennarar í 7.-10. bekk voru svo í fríi 1. apríl.</p> <p>Nemendur í 1.-6.bekk héldu hátíðina 1.apríl og var henni tvískipt. Í fyrsta skiptið í síðan stóri stiginn í salnum var tekinn gátum við haft hátíðina á sal skólans. Kl. 9.00 mættu nemendur 1.-3.bekkjara og kl. 11.00 mættu nemendur 4.-6.bekk. Loksins var hægt að bjóða foreldum og öðrum ættingjum að njóta þeirra glæsilegu atriða sem nemendur sýndu á sviði. Eftir sýningu var nemendum og gestum boðið uppá köku, kaffi og djús. Mikil ánægja var með fyrirkomulag árshátíðarinnar.</p>
Þema í maí	Allir starfsmenn skólans	<p>Í 1.-4.bekk var þemað Undir berum himni og skipulagði hver árgangur skemmtilegan viðburð sem var m.a. í sund í Akurskóla, útileikir, ferð í Njarðvíkurskóga og náttúrubingó. Þemadagar gengu vel en gæta þarf betur að hvernig strætóferðum er háttað.</p> <p>Í 5.-7.bekk var nemendum skipt í fjóra hópa þvert á árganga þar sem farið var í myndabingó, útileiki, sundferð í Vatnaveröld og spil. Gekk það mjög vel og var mikil ánægja.</p> <p>Í 8.-10 bekk var Harry Potter þema. Nemendum var skipt í fjóra hópa þvert á árganga, heimavistir Hogwarts. Fyrir hádegi á föstudeginum föndruðu allir nemendur sprota og bindi í þemalítum heimvistarinnar. Eftir hádegi fóru vistirnar svo á stöðvar, stöðvarnar voru þrautir og Spil, Breakout, Stiklugerð og ratleikur. Hver vist var í klukkutíma á hverri stöð. Stöðvarnar héldu áfram fyrir hádegi á þriðjudeginum og eftir hádegi var keppni í Quidditch í íþróttahúsinu. Að keppninni lokinni var veitt viðurkenning veitt fyrir þá vist sem safnaði flestum stigum yfir þemadagana.</p>

Vorhátíð	Allir starfsmenn skólans	Nemendur mættur kl. 8.30 í heimastofur. Kl. 8.45 var farið í skrúðgöngu og var genginn lítill hringur í hverfinu. Að því loknu var byrjað á stöðvum þar sem hver árgangur keppti í ýmsum greinum. Að því loknu var boðið í pylsupartý og Jón Jónsson kom og skemmti. Vel heppnuð hátíð og fóru glaðir og ánægðir nemendur heim.
Skólaslit	Allir starfsmenn skólans.	Skólaslit 1.-9.bekk var haldin í íþróttasal Akurskóla 9.júní. Tvö tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Nemendur mættu með foreldrum og kvöddu síðan umsjónarkennarar nemendur sína í heimastofu og afhentu þeim vitnisburð og lásu upp hrósskjöl.
Hátíðarkvöldverður 10. bekkjar	Stjórnendur og umsjónarkennarar 10. bekkjar	Hátíðarkvöldverðurinn var haldinn á sal skólans fyrir árs hátíð grunnskóla Reykjanesbæjar, 5. maí. Foreldrar 10. bekkjar sáu um að undirbúa salinn, útvega veitingar, þjóna til borðs og ganga frá. Í aðdraganda kvöldsins kom upp umræða um borðana sem nemendur hafa fengið á hátíðarkvöldverðinum þar sem samnemendur þeirra gefa þeim eitt orð á borða sem þykir lýsa þeirra persónu. Síðustu ár hefur ítrekað komið upp að nemendur eða foreldrar verða sárir yfir orðinu sem nemendur fá og því þótti stjórnendum og kennurum að tími væri kominn til þess að breyta þessari hefð. Reynt var að taka samtalið með öllum skólastjórum Reykjanesbæjar að víkja frá hefðinni en ekki náðist samstaða með það á milli allra. Skólastjóri fór því á fund með 10. bekk og átti gott samtal við hópinn þar sem niðurstaðan var sú að þau fengju öll borða með áletruninni „Ekkert eitt orð skilgreinir mig” og báðu einnig um kórónur, sem skólastjóri varð við. Úr varð ótrúlega skemmtilegt kvöld og allir fóru sáttir á árs hátíð í Hljómahöll.
Útskriftin hjá 10.bekk	Stjórnendur	Útskriftarathöfn 10. bekkjar fór fram í íþróttahúsinu kl. 15 þann 8. júní, sama dag og vorhátíð fór fram. Útskriftin var með hefðbundnu sniði þar sem skólastjóri flutti ávarp, fulltrúar nemenda voru með ávarp og umsjónarkennarar fluttu einnig ávarp. Þá voru veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi og mjög góðan námsárangur en viðurkenningarnar voru í formi bókaþjafa sem gefnar voru af félagasamtökum, danska sendiráðinu og unglíngadeildinni Kletti. Nemendur voru kallaðir upp á svið einn í einu þar sem lesin voru hrósskjöl, þau fengu Akurskólatrefil og rós, og viðurkenningu þegar við átti. Að athöfninni lokinni voru gestum og starfsfólki boðið í kaffisamsæti á sal skólans sem nokkrir starfsmenn höfðu séð um að útbúa. Um frágang sáu nokkrir almennir starfsmenn sem höfðu samþykkt að vinna lengur gegn því að fá að fara strax að loknum skólaslitum 1.-9. bekkja daginn eftir.
Brúum bilið	Stjórnendur og aðrir sem koma að verkefninu	Samstarf hefur gengið vel en því miður vegna covid þá hefur ekki verið eins mikil samvinna og við hefðum viljað. Nemendur leikskólanna komu þó í nokkrar heimsóknir.
Lestrar-sprettur í október og apríl	Kennarar	Hver og einn nemandi fékk lestrarverkefni við hæfi. Niðurstöður lesfímiprófa voru notuð sem viðmið fyrir hvaða verkefni var lagt fyrir hvern nemanda. Notast var við efnið; Eitt skref í einu, Fimman og Æfingin skapar meistarann.
Dagur íslenskrar tungu	Kennarar	Vegna Covid-19 var ekki hægt að hafa hátíðarhöldin með hefðbundnu sniði.
Þorrapema	Kennarar í 1. bekk	Féll niður í ár vegna Covid-19. Á næsta skólaári er stefnt að því að breyta þemanu í Gamla tímanna og hafa það nær vori.
Lestrar-áskorun	Kennarar	Hófst í febrúar og höfðu nemendur tíma til lok maí að klára áskorunina. Nemendur fengu spjald með ýmsum lestraráskorunum sem þeir áttu að ljúka. Þegar spjaldið var fullt fengu þeir verðlaun. Gekk vel og nemendur voru áhugasamir.

6 MAT Á UMBÓTAÞÁTTUM

Starfsmenn skólans hafa jafnt og þétt unnið eftir umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið. Fjórir þættir voru settir fram sem huga ætti sérstaklega að. Þessir fjórir þættir voru eftirfarandi; Læsi og lestur, Heilsueflandi grunnskóli, stuðningsfulltrúar og frístundaleiðbeinendur efla sig í starfi og Betur sjá augu en auga – Eflum nemendur. Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverjum þætti fyrir sig en sumir tengjast þáttum sem áður hefur verið fjallað.

6.1 Læsi og lestur

Þessi þáttur er í stöðugri vinnslu og árangur nemenda okkar er öllum starfsmönnum hugleikinn. Það er mikið þúður lagt í að vinna að eflingu læsis innan skólans og eru allir kennarar skólans með það í forgrunni.

Skólinn fékk styrk úr Þróunarsjóði Reykjanesbæjar undir heitinu Sáum fræjum skilnings. Markmiðið var að efla lesskilning innan skólans. Við fórum í þá vinnu út frá þremur vinklum; við leiðbeindum kennurum, fræddum foreldra og kenndum nemendum. Verkefnið gekk mjög vel. Lesskilningur er flókið fyrirbæri sem tekur langan tíma að efla. Þetta skólaárið lögðum við áherslu á orðaforða kennslu og einnig kennslu á hinum ýmsu lesskilningsaðferðum. Þessi vinna skilaði góðum árangri í flestum bekkjum, eins og sást á súluritum úr Orðarún hérna að ofan.

Þetta skólaár var kennari sem var að klára sitt annað ár í námi sem leiðtogi í byrjendalæsi. Að hafa byrjendalæsisleiðtoga innan skólans gerir allt starf á yngsta stigi enn markvissara. Það gerir það að verkum að kennarar hafa einhvern til að leita til, fá hugmyndir og fræðslu um atriði sem vert er að skoða nánar. Að hafa virkan leiðtoga hefur eftl byrjendalæsiskenntsluna mikið. Það er nauðsynlegt fyrir kennara að hafa leiðtoga til að stýra verkefnum og styðja við þá.

Tilhögun á heimalestri innan skólans var breytt á síðasta skólaári og það kerfi gafst vel. Að nemendur hafi þjálfunarefni við hæfi til að þjálfra lesfimi en fái einnig að velja sína eigin yndislestrarbók eftir sínu áhugasviði óháð getu. Þetta fyrirkomulag gafst vel og hefur þess vegna haldist á þessu skólaári.

Reykjanesbær og Suðurnesjabær tóku sig saman á haustmánuðum og unnu saman að lestrarupplifuninni Skólaslit með Ævari Þór Benediktssyni. Í upphafi var markmiðið að búa til lestrarverkefni sem myndi ná til drengja. Þetta verkefni stækkaði fljótt og varð að lestrarupplifun sem allur skólinn tók þátt í. Ævar Þór skrifaði barnahrollvekju, þar sem einn kafli birtist á heimasíðu verkefnisins rétt fyrir miðnætti hvern dag. Akurskóli ákvað að flétta þemadögum skólans inn í þetta verkefni og úr varð heljarinnar lestrarupplifun allan október mánuð. Verkefnið tókst einstaklega vel og vakti mikla lukku á meðal kennara og nemenda.

Á vorönn vorum við með Lestraráskorun Akurskóla þar sem nemendur fá hin ýmsu lestrarverkefni til að klára. Nemendur hafa alla önnina til að klára áskorunina og fá að lokum verðlaun fyrir útfyllt áskorunarkort. Áskorunin eflir nemendur í lestri, kynnir þeim fyrir mismunandi textagerðum og höfundum ásamt því að búa til skemmtilega stemningu innan skólans. Kennarar, nemendur og foreldrar voru ánægðir með áskorunina.

Miklar framfarir urðu í lesfimi hjá öllum árgöngum frá september til maí. Í öllum árgöngum fækkaði töluvert þeim nemendum sem voru undir viðmiði 1 og einnig var gaman að sjá hversu mikið fjölgaði í hópi þeirra sem voru yfir viðmiði 3. En það er eitthvað sem við höfum lagt áherslu á, þ.e.a.s. að ekki eingöngu einblína á þá nemendur sem eru undir viðmiðum, heldur mæta öllum þar sem þeir eru og efla alla okkar nemendur. Við viljum leggja áherslu á að efla einnig þá sem hafa færni til að skarar fram úr. Við erum því sannarlega á réttri leið og áfram

verður haldið að huga að gæðum náms og kennslu og stefna að því að allir nemendur nái hámarksárangri.

6.2 Heilsueflandi grunnskóli

Leiðtogi innleiðingar Heilsueflandi grunnskóla er Jón Ásgeir Þorvaldsson. Hann fer fyrir teymi sem hefur fundað reglulega í vetur. Teymið hefur verið að leggja drög að innleiðingu með því að fara yfir alla þá þætti sem snúa að Heilsueflandi grunnskóla og hvernig hver þáttur er staddur í Akurskóla. Teymið studdist við gátlista sem gefinn er út af embætti Landlæknis. Til stóð að fá kynningarfund fyrir starfsmenn þar sem fulltrúar frá Landlæknisembættinu kæmu og kynntu innleiðinguna en það náðist ekki vegna samkomutakmarkana og því hefur þeim fundi verið frestað fram á haust. Jón Ásgeir fundaði einnig með öðrum leiðtogum úr grunnskólum Reykjanesbæjar.

6.3 Stuðningsfulltrúar og frístundaleiðbeinendur efla sig í starfi

Það er mikilvægt að almennir starfsmenn skóla/stuðningsfulltrúar upplifi sig sem þann mikilvæga hluta af skólastarfinu sem þeir eru og hluta af lærdómssamfélagi skólans. Stuðningsfulltrúar vinna oft með mest krefjandi nemendum skólans og sinna mikilvægu hlutverki í frímínútum og frístund. Það er því mikilvægt að þessir aðilar fái að efla sig í starfi.

Skólaárið 2021-2022 tóku allir fastráðnir stuðningsfulltrúar við skólann þátt í Menntafléttunámskeiðinu: Stuðningsfulltrúar og frístundaleiðbeinendur efla sig í starfi. Námskeiðið var á vegum Menntamiðju Háskóla Íslands. Verkefnið teygði anga sína til annarra starfsmanna sem sátu einnig hluta af námskeiðinu með stuðningsfulltrúunum. Þannig urðu stuðningsfulltrúarnir enn virkari í lærdómssamfélaginu sem er við líði í skólanum.

Á námskeiðinu fengu þátttakendur tækifæri til að safna hagnýtum hugmyndum og aðferðum til að nýta í starfi með fjölbreyttum hópi barna og ungmenna. Starfsmenn fengu tækifæri til að ræða og prófa ýmsar leiðir til að efla sig í starfi og samstarfi.

6.4 Betur sjá augu en auga – Eflum nemendur

Í ár gátum við ekki gert eins mikið og við ætluðum okkur vegna Covid. Kennarar fengu þó nokkra fyrirlestra sem tengjast þessum þætti og nemendur fengu einnig fyrirlestur á sal. Kennarar fengu fyrirlestur um einhverfu og hagnýtar aðferðir í kennslu og viðmóti við nemendur. Þá kom Árelía Eydís með fyrirlestur um Hver þín köllun væri? Einnig tengdust ýmsir fundir á skólaárinu um námsmat, stjórnumerktá nemendur og læsi þessum þætti.

Nemendur fengu fyrirlestur frá Bjarna Fritz á sal ásamt flottum fyrirlestri frá Geðlestinni.

7 LOKAORÐ

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið. Allir starfsmenn skólans koma að vinnu við matið á fundum dreift yfir allt skólaárið og á vordögum.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mat á þeim og viðmiðum þar sem það á við.

Vinna við matið á að nýtast öllum starfsmönnum skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf enn betra.

Á grundvelli þessarar skýrslu verður gerð umbótaáætlun haustið 2022 í samstarfi við alla hagsmunaaðila, starfsmenn skólans, foreldra og nemendur.